

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Vatnsleysustrandarhrepps.

I. RAFORKA

Rafveita Vatnsleysustrandarhrepps selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

A. Lýsing.

1. Um kwst.mæli á kr. 2.50 hver kwst. Við þessu verði skal selja hvers konar raforkunotkun, sem ekki fellur undir aðra liði þessarar gjaldskrár.
2. Um kwst.mæli á 90 auru hver kwst., auk fastagjalds, er nemi kr. 12.00 á ári á ferm. gólfplatarmáls í rúmi því, er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í búðum, vinnustofum og skrifstofum en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 3.25 á ári af fermetra.

B. Rafmagn til almennrar heimilisnotkunar.

Um kwst.mæli á 70 auru hver kwst. Auk þess skal greiða fastagjald kr. 7.50 á mánuði af fyrsta herbergi hværrar íbúðar og kr. 5.00 á mánuði af hverju herbergi, sem umfram er.

Við útreikning á fjölda herbergja skal telja öll íbúðarherbergi og eldhús. Herbergi, sem er minna en 5 ferm. skal telja sem hálf en stærra en 25 ferm. sem tvö. Ef meðalstærð herbergja í íbúð er minni en 10 ferm. má miða við samanlagt flatarmál þeirra, þannig að hverjir 10 ferm. jafngildi einu herbergi en 5 ferm. hálfu herbergi.

C. Rafmagn til véla.

1. Um kwst.mæli á kr. 1.45 hvert kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast minnsta árgjalds frá kr. 230.00 til kr. 260.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar, enda sé uppsett vélaafli 20 kw. eða meira, á 46 auru hvert kwst. Hafi vélarnar mjög stuttan notkunartíma á ári, má krefjast aukagjalds er nægi til þess að tryggja rafveituna gegn tapi af orkusölu til þeirra, enda sýni rafveitustjórn fram á að kílóvattstundagjaldið nægi ekki til þess.

D. Rafmagn til hitunar.

1. Um kwst.mæli á 35 auru hver kwst.
2. Um kwst.mæli á 25 auru hver kwst. Sala á rafmagni samkvæmt þessum lið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn í allt að 3 klst. á sólarhring á tímum mesta álags rafveitunnar, þó ekki lengur en 1½ klst. í senn.
3. Um kwst.mæli á 10 auru hver kwst. Sala á rafmagni skv. þessum lið er háð því skilyrði, að straumurinn sé rofinn frá kl. 8.30 til kl. 23.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar.

- a. Að vélaafli, götulinur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b. Að notendur rafmagns skv. 2. og 3. lið láti á sinn kostnað setja klukkurofa fyrir hitalagnir og kosti viðhald þeirra. Þó getur rafveitustjóri ákveðið, að rafveitan leggi til rofa og annist viðhald þeirra en notandi kosti tengingu þeirra og greiði leigu af þeim skv. reglum um leigu mælitækja.

- c. Að hitalagnir, þar með talin öll tæki, séu gerð samkvæmt fyrirmælum raf- **61**
veitunnar, ofnar fasttengdir með sérstökum rofum og hitastillar notaðir. 26. marz

E. Önnur raforkunotkun.

1. Til vinnulýsingar við byggingar á meðan á byggingu stendur, á kr. 1.45 hver kwst.
2. Til súgþurrkunar á heyi 50 aurar hver kwst.
3. Til fiskþurrkunar á 60 aura hver kwst.
4. Til götu- og hafnarlýsingar á kr. 1.45 hver kwst., enda annist rafveitan rekstur og viðhald lýsinganna.

Þegar sérstaklega stendur á, má rafveitustjóri, með samþykki rafveitustjórnar, selja raforku með sérstökum samningi í hvert sinn, en eigi lengur en til eins árs í senn.

II. MÆLALEIGA

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir veitu hverri, og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælitækjum sem hér segir:

1. Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 3.00 á mánuði.
2. — þrífasa mælum upp að 50 amper	— 4.50 — —
3. — þrífasa mælum 50 til 200 amper	— 10.00 — —
4. — þrífasa mælum yfir 200 amper	— 15.00 — —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í skránni, skal ársleigan vera sem næst 20% af verði tækjanna. Leigan skal innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

III. HEIMTAUGAGJÖLD

Af hverri húsveitu, sem tengd er við rafveituna, skal greiða heimtaugargjald sem hér segir: Grunnjald kr. 3000.00 og auk þess kr. 30.00 af hverjum 100 krónum af samanlögðu fasteignamatsverði lands og húsa. Sé lengd jarðlínuheimtaugar yfir 25 m og loftlínuheimtaugar yfir 60 m, skal húseigandi greiða kostnað af því sem fram yfir er. Ef lagðar eru fleiri en ein heimtaug að húsinu, skal greiða allan kostnað við síðari heimtaug eftir reikningi.

Sé hús flutt burtu, þannig að heimtaugin sé ekki notuð, er rafveitunni heimilt að taka hana burtu.

IV. ÝMIS GJÖLD

1. Opnunargjald. Hafi gjald skv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduroppun, kr. 20.00.
2. Óleyfileg vör. Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafarlaust og verður hún ekki opnuð fyrr en notandinn hefur greitt 20 kr. gjald á skrifstofu rafveitunnar.

Hreppsnefnd er heimilt að hækka eða lækka gjöld, sem ákveðin eru í gjaldskrá þessari um allt að 20 af hundraði, án sérstakrar staðfestingar ráðuneytisins, enda auglýsi hreppsnefndin breytinguna í Lögbirtingablaðinu, áður en til hennar kemur.

Gjaldskrá þessi, sem hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps hefur samþykkt, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum, nr. 15 20. júní 1923 og raforkulögum, nr. 12 2. apríl 1946, til þess að öðlast gildi þegar í stað, og birtist til eftirbreytni öllum,

61 sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá fyrir Rafveitu Vatns-
26. marz leysustrandarhrepps, nr. 51 19. marz 1952.

Atvinnumálaráðuneytið, 26. marz 1956.

Steingrímur Steinþórsson.

Dorv. K. Þorsteinsson.

62

27. marz

AUGLÝSING

um leiðréttingar og viðauka við reglur um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga.

Samkvæmt 3. tölulið 21. gr. laga nr. 51/1951, um breyting á lögum nr. 50/1946, um almannatryggingar og viðauka við þau, hafa verið gefnar út leiðréttingar og viðauki (V.) við reglur, sem um getur í auglýsingu nr. 41 31. marz 1951, um lyfjagreiðslur sjúkrasamlaga, sbr. auglýsingu nr. 153 8. ágúst 1951, auglýsingu nr. 234 30. desember 1952, auglýsingu nr. 16 12. febrúar 1954 og auglýsingu nr. 12 22. janúar 1955, til þess að öðlast þegar gildi.

Félagsmálaráðuneytið, 27. marz 1956.

F. h. r.

Hjálmar Vilhjálmsson.

Hallgrímur Dalberg.

63

5. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 181 3. okt. 1953, um hina almennu deild hlutatryggingasjóðs bátaútvegsins.

1. gr.

Töluliðir 8, 26 og 34 í b-lið reglugerðarinnar orðist svo:

8. svæði: Reykjavík

1. janúar—15. maí

1. september—31. desember

26. svæði: Dalvík, Hrísey, Árskógsströnd, Grenivík

1. apríl—15. desember

34. svæði: Fáskrúðsfjörður

1. febrúar—31. maí

1. júní—30. nóvember

2. gr.

Töluliðirnir 8 og 10 í c-lið 3. gr. orðist svo:

8. svæði: Reykjavík

15. febrúar—11. maí

1. september—31. desember

10. svæði: Hornafjörður

1. marz—11. maí